

DFS 67

Aðalheiður Guðmundsdóttir

DFS 67 er safn kvæðauppskrifta og fróðleiks af ýmsu tagi, að mestu leyti frá 19. öld. Alls er safnið 552 blöð sem flest eru laus, en einnig er nokkuð um lítil kver. Stærð blaða er breytileg og pappírsgerð með ýmsu móti. Samtíningi þessum, sem er í mörgu tilliti nokkuð sundurlaus, hefur verið skipt niður í sjö hluta og blöð 1-531 tölusett með bláum lit, en 21 ótölumerkt blað rekur lestina. Safnið er nú varðveitt í hefðbundinni pappírsmöppu í Dansk Folkemindesamling í Kaupmannahöfn.¹

Einingarnar sjö eru auðkenndar með bókstöfunum A - G. A, B, C, F og G hafa að geyma margvíslegan fróðleik um leiki og skemmtanir, auk kvæðauppskrifta eftir öðrum handritum. Mest af þessu er skrifað af Jóni Sigurðssyni, en sitthvað mun einnig skráð af danska þjóðkvæðasafnaranum Svend Grundtvig og öðrum samstarfsmönnum Jóns. D inniheldur frumuppskriftir kvæða, sem ýmist voru skráð af Jóni sjálfum eða send honum. Í E, sem er alls 242 blöð, eru varðveittar uppskriftir þjóðkvæða sem bárust Hinu konunglega norræna fornfræðafélagi í Kaupmannahöfn í söfnunarátaki félagsmanna á árunum 1847-50. Þessum hluta skipti Svend Grundtvig niður í 16 sjálfstæð skjöl eða “archiver” og auðkenndi með Arch. A - R. Hvert þessara skjala merkti hann svo viðeigandi auðkenni og færði auk þess inn upplýsingar um sendanda, hafi þær ekki verið til staðar áður. Þessir tveir hlutar, D og E, varðveita frumheimildir einstakra gerða þjóðkvæða.

Ekkert efnisyfirlit fylgir DFS 67 en til er skrá yfir sagnadansa í E^{H-L}. Skrá þessi var unnin af Svend Grundtvig og er nú varðveitt ásamt öðrum vinnuskjölum hans í DFS 65.²

Af efni handritsins hafa kvæðin í E einna helst verið notuð til útgáfu.

¹ Pappírsmappan ber reyndar safnmarkið DFS 67a, en mappa merkt DFS 67b-d varðveittir útgáfu ÍFkv. (sbr. nmgr. 3). Í eftirfarandi skrá verður safnmarkið DFS 67 notað í samræmi við hefð.

² Sjá Jón Helgason. *Íslensk fornkvæði* VI, bls. xxviii-xxix, þar sem fjallað er um DFS 67 og skiptingu þess. Um sagnadansa í E má sjá nánar í sömu heimild, bls. xxix-xxxviii.

Gildi þeirra felst einkum í varðveislunni, en flestar uppskriftirnar eru frumrit skrásetjara, auk þess sem nokkur kvæðanna eru með eigin hendi heimildarmanna. Margvísleg frávík við aðrar þjóðkvæðauppskriftir bera vott um faglega skráningu og virðast uppskriftirnar nánast undantekningarlaust vera lausar við leiðréttingar skrásetjara. Í þeim skilningi er hver og ein þeirra frumheimild og gildi þeirra þar með ótvírætt.

Í eftirfarandi skrá er gerð grein fyrir ritum, þar sem vitnað er til DFS 67 og/eða innihalda prentuð kvæði eftir því.³

A. Bl. 1r-33v. Titilblað: “Leikir í ritum Jóns Ólafssonar Grunnvík (Jón Sigurðssonar hánd.). NB. vísur etc. í ritum Jóns Ól. Gr. se DFS 65 F.”. Sjá Jón Helgason. “Jón Ólafsson frá Grunnvík”. *Safn Fræðafjelagsins V. Kaupmannahöfn*, 1926, bls. 123.

³

Þetta fer ekki alltaf saman við tilvitnanir í útgáfum Ólafs Davíðssonar. Kristileg vikivakakvæði í ÍGSVP III, bls. 158 o.áfr. eru mörg hver talin tilheyra DFS 67. Þetta efni er hins vegar ekki lengur til staðar í því safni. Hið sama á einnig við um önnur kvæði af ýmsu tagi, sem hvergi finnast í DFS 67, þrátt fyrir tilvísanir. Í mörgum tilfellum nefnir Ólafur tiltekna uppskriftir DFS 67 sem aðalheimildir útgefna kvæða, en að athuguðu máli reynast sum þessara kvæða hins vegar gefin út eftir öðrum heimildum. Í slíkum tilvikum er vitnað til útgáfu hans með “sjá”, en ekki “prentað í”. Nánar er fjallað um útgefin kvæði DFS 67 í grein minni “(Ó)Traustar heimildir”. *Skáldskaparmál* 4, 1997. Rit Jóns Samsonar, *Ljóðmál* (Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík, 2002) kom út á meðan þessi skrá var enn í prentun. Í riti sínu vitnar Jón til DFS 67 (sbr. handritaskrá bls. 264).

Að jafnaði eru tvær fyrstu línur kvæða prentaðar sem upphaf þeirra og er örsjaldan vikið frá þeirri venju. Þessar línur eru auðkenndar framan við textann sem “upphaf:”. Innihaldi uppskrift hins vegar ekki heilt kvæði, heldur einungis upphaf þess, er það tekið fram sem “upphaf kvæðis”, “nokkur kvæðaupphöf” o.s.frv. Kvæðaupphöf eru prentuð stafrétt eftir handriti, en ekki er þó gerður greinarmunur á venjulegum broddi og öfugum (t.d. é og è). Auð blöð eru ekki skráð sérstaklega.

Skammstafanir:

AG: Aðalheiður Guðmundsdóttir. “(Ó)Traustar heimildir”. *Skáldskaparmál* 4, 1997.
Ant. Tidsskr.: *Antiquarisk Tidsskrift* 1846-1848 og 1849-1851. Útg. Det Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab. Kaupmannahöfn 1847 og 1852.

ÍF: *Íslenzk fornkvæði* I-VIII. Útg. Jón Helgason. Kaupmannahöfn, 1962-1981.

ÍFkv.: *Íslenzk fornkvæði* I-II. Útg. Svend Grundtvig og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn, 1854-1885.

ÍGSVP: *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* II-IV. Útg. Ólafur Davíðsson. Kaupmannahöfn, 1888-1903.

JÞDigt.: Jón Þorkelsson. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn, 1888.

KD: *Kvæði og dansleikir* I-II. Útg. Jón Samsonarson. Reykjavík, 1964.

ÓH: Ólafur Halldórsson. “Grettisfærsla”. *Opuscula* I. Bibliotheca Arnarnagæana, vol. XX. Ejnar Munksgaard. København, 1960.

1. Bl. 2r-9v. a) Bl. 2r. “Álfadans”. b) Bl. 3r. “Brúar leikr”. c) Bl. 4r. “Bumba”. d) Bl. 5r. “at dumpa sela”. e) Bl. 6r. “Hofmanns hlaup”. f) Bl. 7r. “Krækisblindá”. g) Bl. 8r. “oddi ok jafni”. h) Bl. 9r. “Skollaleikr”.

2. Bl. 10r-21r. “Leikir (Jón Ól. Grv. Lex. Isl. s.u. leikr)”. Skrá yfir leiki með latneskum athugasemdum: a) Bl 10r-10v. “at brynna álfum”; “at hlumma árar”; “at fara á bita”; “At hánga á ristunum á bita, og gánga svo”; “at binda mann með nálþræði”; “Brúarleikr”. b) Bl. 11r-11v. “at draga lúsavað”; “at dumpa sela”; “dúfu leikr”; “Epla leikr”; “at flá kött”; “at fara í strokk”; “at fara undir sauðarlegg”. c) Bl. 12r-12v. “at flytja kerlíngu”; “at fara á kerlíngu”; “at fara á kjöl”; “at fara á klakk”; “at gánga heljarbrú”; “Halti fjandi”; “Handa hlaup”; “Hávuþóru leikr”; “at gánga heljarbrú”; “Hestreið”. d) Bl. 13r-13v. “at verja hlóðir”; “at vefja hnipur”; “Hjörtleikr”; “Hindarleikr” með kvæði. Upphaf: “Hér fer hind af heiði / hugsar uppá veiði”; “Hnappleikr”; “Hofmanns leikr”. e) Bl. 14r-14v. “Höfrunga hlaup”; “at hoppa á öðrum fæti”; “at hoppa jafnfætis”; “Hríngbrot”; “Húfuleikr”; “at járna rimbu” með kvæði. Upphaf: “Hér fer eg heiman að Hóli / hygg eg að meri minni”. f) Bl. 15r-15v. “at járnhatta”; “Kastalaleikr”; “Kerlíngarleikr”; “at kyssa kóngsdóttur”; “Lögmanns leikr”; “at draga lúsavað”; “at taka mat”. g) Bl. 16r-16v. “at brynna músum”; “at reisa horgemling”; “at reisa upp frá dauðum”; “at renna fótskriðu”; “at ríða háhest”; “at ríða til Róms”. h) Bl. 17r-17v. “at rífa ræfil (al. lepp) úr svelli”; “Rófuleikr”; “at vega salt”; “at fara yfir sauðarlegginn”; “at fara undir sauðarlegg”. i) Bl. 18r-18v. “at stökkva yfir sauðarlegg”; “Sessuleikr”; “Skollaleikr”; “at slágra”. j) Bl. 19r-19v. “Soppleikr”; “at standa á höfði”; “at steypa klukkur”; “at stika legg”; “at stikla á staung”; “at stínga sér kollhnýs”. k) Bl. 20r-20v. “at stökkva á bak”; “at stökkva jafnfætis”; “at stökkva yfir sveig”; “at fara í strokk”; “at taka bagga”; “Tólf kónga leikr”; “at vaða bál”; “at vega salt”. l) Bl. 21r. “at velta stömpum”; “at verja hlóðir”; kvæði um leiki. Upphaf: “Áðr en beygði elli / engan leik sparði”.

3. Bl. 21v. Skrá yfir leiki, með kvæðaupphafi: “Fornu aldar man eg menn / mjúka leika frömdu”. Upptalning leikja: “Bændaglíma”; “Bitahlaup”; “Bregðast við á hæli”; “Hríngbrot”; “fljúga”; “hlaupa á bak”; “Hnipur að vefja í dróma”; “Brenna nipt”; “Baggatak”. Upphöf tveggja kvæða: “Sveiflur, brögð og sveina uppkast / fingálf, hestreið”; “Til hefi ek tafl með spilum, / tölur ok einnig völr”.⁴

⁴ Lesbrigði ofan við línu: ok einnig] leggi ok.

4. Bl. 22r. Athugasemdir um skák, tafl og spil.

5. Bl. 23r-25v. “Barnaleikar, ludi pueriles”. Upptalning leikja ásamt athugasemdum: “at horfast í augu” með kvæði. Upphaf: “Horfumst í augu / grámyglur tvær”; “at getrast”; “Þeytispjald”; “Skopparakríngla”; “Kljádús” með kvæði. Upphaf: “Fjölunnigr fleinn! / farðu undir einn”; “Stilli bekri”; “Sprettfiskr”, með vísu úr Andrarímum eftir Sigurð blinda. Upphaf: “Þat var högg hann Högni gaf / hinn þurfti’ eigi fleiri”; “Dægra dvöl”; “at messa með spilum”; “Item gjöra börn kastala og kirkjur af spilum”; “Addi potest modus inversus loquendi kúrelska” (sbr. eg segi það = ekr sekr þakr).

6. Bl. 25v-26r. Íþróttaleikar. “Ludi vero viriles pugilum et athleticis sunt”. Upptalning leikja: “Burtreið”; “Glímur”; “Handsaxa leikr”; “Hnefaleikr”; “Knattleikr”; “at skilmast”; “Skíðaferð”; “Skot”; “Sund”.

7. Bl. 26v-27r. “Þræla leikir, ludi serviles”. Upptalning leikja: “at aka, sc. smjöri”; “at draga hákall”; “at sverja nálareið”; “Reðra stefna”; “at róa köttinn af gærinni”.

8. Bl. 27r-27v. “Ludi gigantei (jötna leikir)”. Upptalning leikja: “Glímur”; “Hnútukast”; “Hráskinns leikr”; “Svipuleikr”.

9. Bl. 28r-32r. “Tafl”. Upptalning afbrigða skv. Jóni Ólafssyni Grunnvíkingi, ásamt latneskum athugasemdum: a) “ofanfellíng, at elta stelpur”. b) “færingartafl, pipríáll, dánumannstafl”. c) “goðatafl” með kvæði: “heima ræð eg goða minn / bæði vel og lengi / eg skal gefa’ honum súrt smér og rengi”. d) “Kotrutöfl eru þessi:”. “1. at elta stelpur”; “2. ofanfellíngar tafl”; “3. forkjæringr”; “4. goðatafl”; “5. Ólafs kóngs tafl” með kvæði. Upphaf: “Fjórir eru góðir, fimm eru verri / fríðir tveir hjá einum stríðum”; “Kotra”; “Tiktak”; “Trokodil”; “Boddatafl”. e) “Dammr”. f) “Freystafl”. g) “Hnettafl” með kvæði. Upphaf: “Hvat er þat dýra / er drepr fé manna”. h) “Hnefa tafl”.

10. Bl. 33r. Yfirstrikað titilblað: “Þulur m. m. Jón Sigurðssonar afskrifur eftir andre samlingar”.

B. Bl. 34r-90v. Titilblað: “Vikivakakvæði. m. m. Jón Sigurðssonar afskrifur frá andre samlingar”. Að mestu afskriftir Jóns Sigurðssonar:

1. Bl. 35r-36v. “Kossa kvæði”, 8 er. Upphaf: “Drósin við Danskann / dulmælin jók / hún kysti hann Hermann þá húma tók”.

2. Bl. 37r-38v. Með hendi Georges Stephens: a) Bl. 37r. 9 gerðir: Upphaf: “fagurt galadi fuglinn sá / forðu[m] tyd j lunde / listar madurinn

leinge þar vid vnde”. b) Bl. 38r. “Ein gømul þula”. Upphaf: “Sat eg under fiskahlada faudur mijnz, / menn komu ad mier”.

3. Bl. 39r-39v. “Kvæði af einni jómfrú (hennar búningi)”, 14 er. Upphaf: “Von er þó þú veisir þér / virðar til þín ríða / um fríðleik þinn að fjórir kóngar stríða”.

4. Bl. 40r-40v. “Vitlaust fornkvæði”, 5 er. Upphaf: “Frísir kvöddu fagra brúði: / gáðu til strandanna Dana mærl”. Sjá ÍGSVP III, bls. 142-143.

5. Bl. 41r-46r. Nokkur kvæðaupphöf: a) Bl. 41r. “Betra er þér að eiga mig / með mínum kolli brúnum”. b) Bl. 42r og 43r. “Vikivaka kvæði”: “Ángantýr og Hjálmar, þeir hjug. í ár” og “In carmine quodam saltatorio”: “Ángantýr og Hjálmar / þeir börðust í ár”. Sjá ÍF VIII, bls. 127. c) Bl. 44r. Latneskar athugasemdir um vikivaka. d) Bl. 45r. “Villtu ekki eiga mig / með kolli mínum brúnum”. e) Bl. 46r. “Í Eyjafirði uppá grund / á þeim garði fríða”. Athugasemdir fylgja.

6. Bl. 47r-49r. “1550 um nýjár”. Þrjár uppskriftir kvæðis, ásamt athugasemdum. Upphaf: “Svo er mér gott og gleðisamt, / því veldur þú”. Ein fyrirsögnin hljóðar svo: “Annáls Excerpt síra Arngríms Jónssonar á Melstað”.

7. Bl. 50r. “Kvæðabók frá Sigurði Sverriss. 8^{vo}. p. 115”. Upphaf: “Hér kemst ekki gleðin á / því nóttina syrtir, / vér skulum dansa betur þegar birtir”.

8. Bl. 51r. “Vikivaka kvæði”. Upphaf: “Óska eg verði um alla dagana góða / gæfurík góðsöm hrínga tróða”.

9. Bl. 52r. “Viðkvæði”: “Taki sá við dansi / sem betur kann og má”.

10. Bl. 53r-54v. “VI. kvæði”, 5 er. auk viðlags, eignað sr. Hallgrími Péturssyni. Upphaf: “Pontus þakkar skorðu skjótt / skrauts fyrir utan vansa”.

11. Bl. 55r-56v. “Annað kvæði”, 3 er. Upphaf: “Samt skal eg unna þeim svanna / alla mína dagana”.

12. Bl. 57r-58v. “Gunnar Pálsson. Eitt sunnlenzkt vikivaka kvæði ort á Múnkaþverá eptir relation eins kaupamanns”, 7 er. Upphaf: “Hjá honum Jóni Hjaltalín / hoppa menn sér til vansa / allan vetrinn eru þeir að danza”.

13. Bl. 59r-60v. a) Bl. 59r-59v. “Fyrir Þórhildar leiki að kveða”, 9 er. Upphaf: “Hér skal heiman reika / í hópinn gullhlaðs eika”. Sjá KD II, bls. 317. b) Bl. 60r-60v. “Kvæðið honum fylgjandi”, þ.e. Þórhildarleik. 4 er. Upphaf: “Á Þórhildar leiknum þreyttur er eg núna / margan hefi eg manninn gipt”.

14. Bl. 61r-64v. Upphöf fjögurra vikivakakvæða. a) Bl. 61r. “Enn eitt vikivaka kvæði”: “Mörg er frúin fögur að sjá / sem flúr og skartið ber”. b) Bl. 62r. “Píkuraunar dans”: “Gamlir og úngir gipta sig / Gautar rómu tjalda”. c) Bl. 63r. “Enn vikivaka kvæði”: “Vertu í túngunni trúr / trygg og hreinn í lund”. d) Bl. 64r. “Kvæði eptir sr. Jón Grímsson á Hjaltabakka”: “Meyjarnar báðu mig til leiks eg gengi / en eg sagði svo sem var”.

15. Bl. 65r-66v. “Enn eitt vikivaka kvæði kemur hér”, 7 er. Upphaf: “Siðuga friða seima ná / sinnið minnst laungum”.

16. Bl. 67r-68v. “Kvæðabók Gunnl. á Skuggabjörgum”, 7 er. Upphaf: “Glymur dans í höll / Danir slóu hríng”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 226.

17. Bl. 69r-75v. Nokkur kvæðaupphöf. a) Bl. 69r. “Sr. Magnús Ólafsson í Laufási. Kvennadans”: “Mér er til geðs, þó ment sé rýr / mannvits þeygi nægra”. b) Bl. 70r. “Sr. Ólafur Jónsson á Söndum. Impromptu á Vikivaka”. “Þó eg gáangi á gólfíð fram”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 199. c) Bl. 71r. “Píku raunar dans”: “Gamlir og úngir gipta sig / gautar rómu tjalda”. d) Bl. 72r. “Viltu ekki eiga mig / með kolli mínum brúnum”. e) Bl. 73r. “Vikivaka kvæði? - Dans súngrinn.”. “Þá kom mér í stærstan stans / eg stóðst þau hljóðin varla”. f) Bl. 74r. “Tímaríma”. “Nú var á Öfund enginn stans / hún var kát og kvað við dans”. g) Bl. 75r. Vísu með skýringartexta. “Vinduteinininn fyrðar fundu / fór sú grein af vinduteini”.

18. Bl. 76r. “Rask 110 8^{vo} (1758)”. Upphaf: “Fyrstu x vetur stendur maður fyrir móður knjánum / Aðra x vetur aflar maður sér gjalds og gjafar”.

19. Bl. 77r. “Þesse Epterfylgiande Konst Sticke skrifuð Effter gamallre Pergamentz Bök”, í óbundnu máli. Upphaf: “Þeir þriju steinar sem finnast í mariötlu maga ...”.

20. Bl. 78r. “Umm hanastein”, í óbundnu máli. Upphaf: “Hanasteinn er huijtr og gagnskiær sem christall ...”.

21. Bl. 79r. “Fornkvæði”. Nokkur upphöf: a) “Nokkur gildur bóndi bjó / átti góða aura”. b) “Kóngrinn átti synina þrjá / alvara í gamni”. c) “Ísúngs kvæði”. “Það er fært í frásögu / út í Fenidí”. d) “Gamall höldr í búi / vill sér kvonfangs leita”. e) “Það er fornt gamanspil”. f) “Múkrinn gekk um stræti”.

22. Bl. 80r. “Higsta bæn”. Upphaf: “Kristr í brjósti mér / burt fari higsti”.

23. Bl. 81r. “Kirkjugaungubæn”. Upphaf: “Stíg ek í kirkju / með kristins manns fótum”.

24. Bl. 82r. “Kveisu bæn”. Upphaf: “Kriustr sat fyrir kirkju dyrum / kyndil hafði í hendi”.

25. Bl. 83r. “Draumr sankti Pétrs, at draumar ráðist vel”. Upphaf: “Draum dreymdi mig, drottinn minn, / eg þóttist sjá þig drottinn drottanna”.

26. Bl. 84r. “Higsta bæn”. Upphaf: “Kristur sé í brjósti mér / burt fari higsti”.

27. Bl. 85r-86v. “Rímur af Kiða-Þorbirni á Stokkseyri”. Einugis upphafið og er það tvítekið: “Máttu skjaldar-meyja reik / menn og hringbrot reyna”.

28. Bl. 87r. “Afgamalt erindi”. Upphaf: “Úti var eg í Ási / öll voru hús í lási”.

29. Bl. 88r-90v. Tvenn kvæðaupphöf: a) “Fuglinn í fjörunni / hann heitir már”. b) “Stulkan í Steinum / hun kemur eigi heim í qvell”.

C. Bl. 91r-127v. Titilblað: “Notitser vedrørende islandske sange, danse og lege. (Jón Sigurðssons hånd.)”. Að mestu leyti tilvísanir í önnur rit.

1. Bl. 92r-98v. “Kveðskapr. Saungr”. Samtíningur með tilvitnunum í ýmis rit. Upprituð kvæði: a) Bl. 92r. “Þjóðólfr. Ýnglíngatal”, stök vísa. Upphaf: “ok austmarr / jöfri sænskum”. b) Bl. 97r. “Grottasöngur”, 4. erindi. Upphaf: “Sungu ok slungu / snuðga steini”. c) Bl. 98r. Stök vísa. Upphaf: “Loptr liggir í eyjum / bítr lunda bein”.

2. Bl. 99r-104v. Tilvitnanir í heimildir um skemmtanir. Fyrirsagnir: “Leikarar”. “Leikar”. “Veizlur og skemtanir”.

3. Bl. 105r-118r. a) Bl. 105r-105v. “Synodale M. Þorðar 1679. Um vökunætur”, í óbundnu máli. b) 106r-118r. Frásagnir um vikivaka og gleðir á einstökum bæjum, s.s.: Flaugastöðum í Garði og Bakkastöðum í Jökuldal. Einnig er vitnað í einstaka menn, s.s.: Jón Ögmundarson og Kala Kolsson. Þá er vitnað í ýmis rit og sögur, s.s.: Viktors sögu og Blávus, Ferðabók Eggerts Ólafssonar, Crymogæu Arngríms lærða ofl.

4. Bl. 119r. “Edda”. Stakar vísur úr rímum, þar sem vitnað er til *Eddu*: a) “Króka-Refs rímur eptir Hallgrím Péturss.”. Upphaf: “Það mega sanna sprundin spök / er spektum menta náði”. b) “Rímur af Flores og Leo”. Upphaf: “Enga lærða eg eddu ment / sem iðkuðu skáldin forðum”. c) “Rímur af Lykla-Pétri”. Upphaf: “Heyrða eg títt að fólkið frítt / flest um eddu ræddi”.

5. Bl. 119v. “Danzar eptir rímum”. Úr Sörla rímum. Upphaf: “Skötnum verðr at skemtan mart / ef skortir ekki fræði”.

6. Bl. 120r. “Danzar”. Stök vísa úr Hemings rímum. Upphaf: “Fyrri höfðu seggir sent / sögur ok danza fríða”.

7. Bl. 121r-123v. Tilvitnanir í heimildir sem innihalda orðið *kveða*. Stakar vísur: a) Bl. 121r. Úr Nóa rímum. Upphaf: “Skammfylltist sá skelmir fyrst / á sköpum manns”. b) Bl. 122r. Upphaf: “Hér man ek sitja / ok hátt vel kveða”.

8. Bl. 124r. Upphaf danskvæðis: “Mínar eru sorgirnar þúngar sem blý”.

9. Bl. 125r. “fornar stökur”. Tvö upphöf: a) “Bessi brunninrassi / beit geit fyrir Herjólfri”. b) “Vetrúngs nefnum (!) efnið eitt / öllum er það mönnum leitt”.

10. Bl. 126r-127v. “Tafl”. Tilvitnun í Grágás. Upphaf: “Menn skulu eigi kasta verplum ...”.

D. Bl. 128r-222v. Titilblað: “Fornkvæði (vikivakar, þulur etc.) originale bidrag, optegnede af eller sendte til Jón Sigurðsson”. Sé annað ekki tekið fram, eru uppskriftir með hendi Jóns.

1. Bl. 129r. “Hvað stóð á þeim velli?”. Upphaf: “Tréð stóð á þeim velli, og velli / greinin var á trénu og tréð var á þeim velli o.v.”.

2. Bl. 130r. Tvenn kvæðaupphöf: a) “Vitlaust Fornkvæði”. “Frísir kvöddu fagra brúði”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 142-143. b) “Fimm hundraða kvæði”. “Riddari kóngrs í háu einn var veldi / æru sína er ríkri jómfri seldi”.

3. Bl. 131r-136v. Bréf frá Sigurði Guðmundssyni, árið 1863. Bréfið fjallar um leiki og vikivaka og inniheldur stef og þulu úr “Hoffmans” leik. Sjá KD I, bls. lxiv-lxvii, þar sem hluti bréfsins er prentaður; ennfr. bls. clxxvi og clxxx. a) Bl. 132r. Upphaf: “hér ríður Hoffinn / hér ríður Alfinn”. Prentað í KD I, bls. lxv-lxvi. b) Bl. 132r. Upphaf: “út gékk hún grænklædd / með gult undir fóðrið”. Prentað í KD I, bls. lxvi.

4. Bl. 137r-139v. “Lítið eitt um vikivaka (eptir Magnús Andresson sem var í Langholti nú a Kópavatni er hann hefir skrifað mér eptir beiðni minni)”. Bréf frá Sigurði Guðmundssyni, árið 1864. Bréfið inniheldur leikjastef og kvæði. Prentað í KD I, bls. lxxii-lxxvi. Sjá ennfr. bls. ccxiv. a) Bl. 137r. Upphaf: “hér geing eg í gleðina / svo lág og víð”. Prentað auk ofangreinds í KD II, bls. 33. b) Bl. 138r. Upphaf: “Háfa

þóra heitir fjall / hæðst í þorgeirs fyrði”. c) Bl. 138r. “Ó mín dóttirin fríða / ætlar þú leingi únga mær / ógipt að bíða”.

5. Bl. 140r-153v. “Vikivakar”. Ritgerð eftir Jón Árnason. Sjá KD I, bls. cv og cviii. Inniheldur eftirtalin kvæði: a) Bl. 141v-142r. Upphaf: “Nú er ekki á verra von, / Vítus kemur að borðum”. b) Bl. 142r-143r. “Stapadansinn”. Upphaf: “Dansinn var á Stapa í gær / það var allgóður dans”. c) Bl. 143r. “úr Þornaldar þulu”. Upphaf: “Úti situr hún Hallgerður hlunka / önnur konan Þorgerður strunka”. d) Bl. 148r-148v. Upphaf: “Held eg mér í hurðar hring / hver sem það vill lasta”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 45. e) Bl. 148v. Upphaf: “Hátt lætur í Hruna / hirðar þangað bruna”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 46.

6. Bl. 154r-157v. “Jón Marteinsson. Stúdent. c. 1750 og fyr. Autogr.”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 153 og KD I, bls. clxii. Ýmis kvæði og kvæðaupphöf: a) Bl. 154r. “1.”. Á spássíu stendur: “vedqvæde” / “\$478: Tilqvæde”. Upphaf kvæðis: “Riittu þig under lundenn / og bittu þar þinn hest”. b) Bl. 154r. “Laaka kvæde”. Á spássíu stendur: “vedqvæde”. Upphaf kvæðis: “Sa eg sijldar faaka / sveima höfnum fraa”. c) Bl. 154r. “3.”. Upphaf kvæðis: “Hýr munde eg hlád-sool / heitt unna þier”. d) Bl. 154v. “4.”. “Lunduna Bragur”. Stök vísa. Upphaf: “Þad er lag í lundun / lýstug er sú borg”. e) Bl. 154v. “5.”. Upphaf kvæðis: “J Hollande jeg hatt feck þann / sem hagar vel minu lýnde”. f) Bl. 154v-155r. “6.”. Stök vísa. Upphaf: “Hatturenn og hun hwa / þaug hittust eina stund”. Sjá KD I, bls. clxiii. g) Bl. 155r. “7.”. Upphaf kvæðis: “Drosen fann danskenn / þä dulmælen jök”. h) Bl. 155r. “8.”. Stök vísa. Upphaf: “Mäl er komed ad sia ad sier, / so svike eý myrkra Skolle”. i) Bl. 155r. “9.”. Stök vísa. Upphaf: “Veslings Pistsed mitt ed forna! / äður fyrr eg ätte þig”. Prentað í KD II, bls. 183, þar sem “Pistsed” er leiðrétt í “pilsid” eftir JS 130 8vo. j) Bl. 155r-155v. “Boike viise”. Stök vísa. Upphaf: “Minn er böikur mæta þing / margur vill hann af mier få”. k) Bl. 155v. “Anden Böike viise”. Stök vísa. Upphaf: “Boika bruka rijker / böik hafa sulltar göikar”. l) Bl. 155v. “Hæste viiße”. Stök vísa. Upphaf: “Kved eg odum Chanco, / köppum þotte vel þo”. m) Bl. 155v-156v. “Anden hæste viiße”. 2 er. og upphaf þess 3ja. Upphaf: “Brunn af öllum bestum / ber hier gödum hestum”.

7. Bl. 158r-165v. I. Bl. 158r-163v. “Niðurraðan og undirvísan hvurninn gleði og Dansleikir voru tíðkaðir og umm hönd hafðir í firri tíð”. Ritgerð eftir ónafngreindan höfund. Prentuð í KD I, bls. l-lxiv. Sjá ennfr. bls. cxxvii, cxxix, cxliv-cxlv, clx-clxi, clxvii, clxix-clxx, clxxii-

clxxv, clxxvii-clxxix, clxxxii-clxxxvii, cxcii-cxcviii, ccii, ccvi, cexii-cxxiii, ccxx og cxxxvi-cxxxvii, ÍF VIII, bls. 125, ÍGSVÞ III, bls. 33-34, Sigfús Blöndal. “Dans í Island”. Idrott ock lek. *Nordisk kultur* XXIV. Kaupmannahöfn 1933, bls. 169-177 (þar sem ritgerðin er þýdd yfir á dönsku) og Dag Strömbäck. “Um íslenzka vikivakaleiki og uppruna þeirra”. *Skírnir* CXXVII. Reykjavík 1953, bls. 71 og 73. Ritgerðin inniheldur eftirtalin kvæði: a) Bl. 159r. Dans. Upphaf: “Þegar eg er nú þannig fær, / eg þreifa að hjánum leingra”. Prentað í KD I, bls. liv og II, bls. 32-33. b) Bl. 160r. Upphaf: “Hjer er komin / hópinn að príða”. Prentað í KD I, bls. lvi-lviii. c) Bl. 161v. Upphaf: “Jeg sá hjörtinn renna, / ifir þá grænu heið”. Prentað í ÍF VIII, bls. 125, KD I, bls. lix og II, bls. 332. d) Bl. 161v. Upphaf: “hjer skal heiman reika, / í hópinn gullhlaðs eika”. Prentað í KD I, bls. lx. e) Bl. 162r. Upphaf kvæðis: “Í Þórhildarleiknum þreittur varð eg núna, / aller kissa utann eg”. Prentað í KD I, bls. lx. f) Bl. 162r. Upphaf Hoffinnsleiks: “hjer ríður Hoffinnur, / hjer ríður Alfinnur”. g) Bl. 162r. Upphaf: “hjer fer hind af heiði / og higgur sjer til veiði”. Prentað í KD I, bls. lxi. h) Bl. 162r-162v. Upphaf: “Jeg sie hvar eirn hjörtr situr / og so fagur er hanns litur”. Prentað í KD I, bls. lxi-lxii. i) Bl. 162v. Upphaf hindarkvæðis: “Í hindar leiknum hreppti eg stóra mæði, / erviði og ástinn treg”. Prentað í KD I, bls. lxii. j) Bl. 163v. Upphaf: “Eg sá eina falldafokku / so fallega hún spann”. Prentað í KD I, bls. lxiv og II, bls. 333. II. Bl. 163v-164v. “Úngum mönnum til fróðleiks og frásagna er hjer skrifuð búða niðurraðan á Øxaráralþingi, þess göfugasta Stórmennis sem í gamla tíð verið hefur á Íslandi”. Sjá KD I, bls. l.

8. Bl. 166r. “Jón Sigurðsson”. Samtíningur um leiki.

9. Bl. 167r-168v. “Island. Sæder og Skikke”. Um “herranótt” ofl. með hendi Jóns Sigurðssonar.

10. Bl. 169r-170v. “Vikiuwaka Kwædi, ad kveda wid KwennFölk”. Líklega stakt blað úr pappírshandriti. Blaðið inniheldur eitt kvæði og upphaf annars. a) Bl. 169v. “Firsta kvæde”, 4 er. auk viðlags. Upphaf: “Þýdust býdi þorna Ná, / þocka af gedi sýnu”. Prentað í ÍGSVÞ III, bls. 270 (með rangri eða úreltri tilvitnun í heimild) og viðlag auk þess í KD II, bls. 175. b) Bl. 169v. “Annad kvæde”. Upphaf: “Býttu mýn vid Bönda höl, / bauga loginn svinna”. Prentað í ÍGSVÞ III, bls. 316 (með rangri eða úreltri tilvitnun í heimild) og viðlag auk þess í KD II, bls. 179.

11. Bl. 171r-172v. Tvö kvæði Jóns Guðmundssonar. Uppskrift eftir ónafngreindan mann. a) Bl. 171r. 4 er. auk viðlags. Upphaf: “Margan villine stígg / Rijda konungs menn”. Prentað í ÍGSVÞ III, bls. 233-234

(með rangri eða úreltri tilvitnun í heimild) og viðlag auk þess í KD II, bls. 168. Sjá einnig ÍF VIII, bls. 128. b) Bl. 171v-172v. “enn eitt kuædi jóns guðmundssonar”, 6 er. auk viðlags. Upphaf: “Blakter segl umm báru liön / birner hlies þä Renna”. Prentað í ÍGSVÞ III, bls. 234-235 (með rangri eða úreltri tilvitnun í heimild). Viðlag er auk þess prentað í KD II, bls. 217 og JÞDigt., bls. 486.

12. Bl. 173r. Stakt viðkvæði, með hendi Jóns Sigurðssonar: “Stígum fastar á fjöl / spörum ekki skó”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 334 (með rangri tilvitnun), ÍF VIII, bls. 133 og KD II, bls. 29.

13. Bl. 174r. Tvær kvæðauppskriftir með hendi Svends Grundtvigs. a) Upphaf: “Austan að kom ráð fyrir Rípo, / reif hann skarð í Strandastrípu”. b) Upphaf: “Ó Jerusalem upp til þín! / önd langar mín”.

14. Bl. 175r. Uppskrift Jóns Sigurðssonar eftir “Þorv. Jónss.18/1 60”. Upphaf: “Eg sá þann mann sem fleskið bar / Eg sá þann hund, sem manninn beit sem fl. b.”.

15. Bl. 176r-177v. Saga frá Sigurði Guðmundssyni málara úr Skagafirði 1854. Upphaf: “Það var eittsinn karl sem átti að slátra nauti”. Sagan inniheldur eitt kvæði, bl. 177r-177v. Upphaf: “sjór minn gefðu mer sel / jeg sel husfreiju”.

16. Bl. 178r-181v. Uppskriftir Jóns Sigurðssonar eftir “Kvæðabók síra Ásgeirs Bjarnasonar”. Sjá KD II, bls. 318-321. a) Bl. 178r-178v. “Þetta er Þórhildar dans”, 8 er. Upphaf: “Leik skal lítinn hefja / lengi ei við tefja”. b) Bl. 179r-179v. “Að gefa saman”, 7 er. Upphaf: “Vakið hefir víf móð / vænna leit eg ei fljóð”. c) Bl. 179v-180r. “Að kveða eptir í vikivaka”, 5 er. Upphaf: “Þórhildar-leikurinn þyki mér ekki góður / allir kyssa utan eg”.

17. Bl. 182r-182v. Frá Páli Pálssyni, stúdent. a) Bl. 182r. “Geirlaugar-visur”, 5 er. Upphaf: “Æpti hún Geirlaug, þegar úti tún kom / Síndist henni kýr sín”. b) Bl. 182r-182v. “Stjúpmódur-kvæði”, 16 er. Upphaf: “Stjúpmódir geck til brunna / um sumarlánga tid”.

18. Bl. 183r. Kvæðauppskrift með hendi Jóns Sigurðssonar. Upphaf: “Fuglinn í fjörunni / hann heitir már”. Sjá ÍF VIII, bls. 132.

19. Bl. 184r-185v. Kvæðauppskriftir eftir ónafngreindan mann. Efst er skrifað. með blýant: “? séra Helgi Sigurðsson”. Kverið er a.m.k. ekki skrifað með hendi Helga Sigurðssonar á Jörfa (sbr. E^N). a) Bl. 184r. “Þula eptir Guðríði Magnúsdóttir á Reykjavík 1860”. Upphaf: “Heyrði jeg í hamrinum, / hátt var þar látið”. b) Bl. 184v. Þula “eptir Jóhönnu

Jónsdóttir”. Upphaf: “Hér koma kýr mínar / ofan eptir fiöllum”. c) Bl. 185r. Þula “eptir Guðríði” Magnúsdóttur í Reykjavík, 1860. Upphaf: “Sittu niður Labbi minn / og súpum við úr ausu”. Sjá ÍGSPV IV, bls. 236. d) Bl. 185r-185v. “Lappaluða kvæði”, 11 er. “eptir Jóhönnu” Jónsdóttur. Upphaf: “Her kominn Lappaluði / líotur og grár”.

20. Bl. 186r-187v. “Þórnaldar Þula” með formála. Uppskrift eftir ónafngreindan mann. Upphaf: “Hlýdi fólk frædi mínu, / medan jeg set sögu mína í sleða”.

21. Bl. 188r-207v. Þuluuppskriftir með hendi Jóns Sigurðssonar. a) Bl. 188r. Upphaf: “Stóð eg við stoð / studda eg mig við gullvegg”. Sjá ÍGSPV IV, bls. 180. b) Bl. 189r. Upphaf: “Sat eg undir fiskahlaða föður míns / menn komu að mér”. c) Bl. 189r. Upphaf: “Þá sá eg hvar lánghala / lék sér við sauðinn”. d) Bl. 189r. Upphaf: “Kom eg þar að kveldi / sem kerling blés að eldi”. e) Bl. 190r. Upphaf: “Sat eg undir fiskahlaða föður míns / þar kom maður að mér”. f) Bl. 191r. Upphaf: “Sat eg undir fiska hlaða föður míns / átti’ eg að gæta”. g) Bl. 192r. Upphaf: “Sat eg undir fiskahlaða hans föður míns / átti’ eg að gæta”. h) Bl. 192r. Upphaf: “Tíkin hennar Laugu minnar / hún át mart”. i) Bl. 193r. Upphaf: “Fór eg nið’r að sjónum / að salta niður fiskinn”. j) Bl. 193r-193v. Upphaf: “Gekk eg uppá hólinn / að brýna mér ljáinn”. k) Bl. 194r. Upphaf: “Ríðum og ríðum / til Loga landa”. l) Bl. 195r. Upphaf: “Karl og kerling / fóru á alþing”. m) Bl. 195r. Upphaf kvæðis: “Bósi rekur nautin heim úr móa, / mýrifuglinn kallar á hann kjóa”. n) Bl. 195r. Upphaf: “Bocki sat í brunni / hafði blað í munni”. o) Bl. 196r. Upphaf: “Gott er að ríða sandana mjúka / það gerir ekki hestana sjúka”. p) Bl. 196r. Upphaf: “Þar kom innar diskur / var á smjör og fiskur”. Sjá ÓH, bls. 61-65. q) Bl. 196r. Upphaf: “Karl fór á skóg / að höggva sér eikvið”. Sjá ÍF VIII, bls. 125. r) Bl. 196r. Upphaf: “Karl reið á alþing / fann fyrir sér titlíng”. Sjá ÍF VIII, bls. 125. s) Bl. 197r. Upphaf: “Brokki sat í brunni / hafði blað í munni”. t) Bl. 198r-198v. Upphaf: “Kerling mín gefðu mér / þráðarkorn um nefið”. u) Bl. 199r. Upphaf: “Köttur vill ekki jeta mús / mús vill ekki narta’ ofan vefinn kerlingar”. v) Bl. 200r-200v. Eftir “Sigr. Magn. frá Skáleyj. 23/2 60”. Upphaf: “Stígum við stórum / stundum til grunda”. x) Bl. 201r-201v. Upphaf: “Nú skal kveða um karlinn þann í bergi bjó / timbrið hjó”. y) Bl. 202r. Upphaf: “Paurildur porriró / lambið beit í fingur minn”. z) Bl. 202r. Upphaf: “Dymmt er yfir dý, / dregur yfir ský”. þ) Bl. 202r. Upphaf: “Við skyldum róta / kominn er sá karlmann sem kóngsdóttir ann”. Sjá ÍGSPV III, bls. 392. æ) Bl. 202r.

Upphaf: “Gunnar situr með gott smak / gengur fyrir hann Kaldbak”.
ö) Bl. 203r-203v. Eftir “Sigr. Magn.d. úr Skáley 23/2 60”. Upphaf: “Heyrða eg í hamrinum / hátt var þar látið”. aa) Bl. 204r-204v. Eftir “Frök. Elínb. 20/12 61”. Upphaf: “Heyrða eg í hamrinum / hátt var þar látið”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 200. ab) Bl. 205r. Þulubrot. Upphaf: “Kýr mínar koma / ofan eptir fjöllum”. ac) Bl. 206r. Upphaf: “Settu þig niður sonur minn / og súpum við úr ausu”. ad) Bl. 207r. Upphaf: “Eg vildi eg ætti mér / vænan hest að ríða”. ae) Bl. 207r. Upphaf: “hún vill ekki gánga / nema á gullspaungum”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 386.

22. Bl. 208r-209v. Kviðlingar með hendi Jóns Sigurðssonar. a) Bl. 208r. “Hægri hefndar kinn / vinstri vinar kinn”. b) Bl. 208r. Upphaf: “Uppi auðsgaukur / niðri nágaukur”. c) Bl. 208r. Upphaf: “Heil og sæl jatla mín / lifir hún svala systir þín”. d) Bl. 209r. Upphaf: “Fögur eru fljóð í Hruna / fyrðar þángað bruna”. Sjá ÍGSVÞ III, bls. 46.

23. Bl. 210r-217v. Lotulengdarkapp. Uppskriftir Jóns Sigurðssonar. a) Bl. 210r. Upphaf: “Refur skauzt ofan fyrir bakka / með eitt nýtt”. b) Bl. 211r. Upphaf: “Nefndu svo spaks manns spjarir / að hvergi komi saman á þér varir”. c) Bl. 212r. Upphaf: “Faðir minn átti fimmtíu geitr / skylda eg allar á eitt band binda”. d) Bl. 213r. Eftir “Sig. Hansen”, janúar 1860: “biti, biti, biskups biti”. e) Bl. 214r. Upphaf: “Einbrotin blýkringla uppá biskups diskinn / tvíbrotin blýkringla uppá b. d.”. Tvö afbrigði fylgja. f) Bl. 215r. Upphaf: “Sá skal eiga bauga bauga hrínginn rauða / sem að nefnir tólf sinnum bauga bauga hrínginn rauða”. g) Bl. 216r. “Ein væn, græn, kæn / laufrauð reyniviðarhrísla”. h) Bl. 216r. Upphaf: “Taktu steiktan laxfisk / og legðu upp á biskups disk”. i) Bl. 216r. “Taktu ána þá allra óflatvöxnustu / og mjólkaðu í askinn þann allra óflatvaxnasta”. j) Bl. 217r. “eptir Magn. Gíslasyni á Villíngavatni 5/9 59”. (Þetta mun vera Magnús hreppstjóri að Villíngavatni í Grafningi): “Takið þið askinn óflatvaxinn / mjólki þið ána ósturlluðustu”.

24. Bl. 218r-222v. Kvæðauppskriftir Jóns Sigurðssonar. a) Bl. 218r-218v. Eftir “Sigr. Japh.d. 6/4 50”. Upphaf: “Stúlkan í steininum / hún kemur ekki heim í kveld”. b) Bl. 219r. Upphaf: “Móðir mín í kví kví / kvíddu ekki því því”. c) Bl. 220r. “Úr Langvíukvæði eptir séra Hallgr. Pétursson”. “Eptir M. Eiríkss.”. Upphaf: “Lángvígjan hefir þann listanna brest, / leiðist henni það mest”. d) Bl. 221r. “eptir sögn Jóns/Péturssonar. 1865”. Upphaf: “Væri brandur minn / búinn með stál”. Sjá ÍF V, bls. 207. e) Bl. 221r. “Jón Péturss. assessor”. Upphaf: “Þá var öldin önnur / er Gaukr bjó í Staung”. Sjá ÍF VII, bls. 204.

E. Bl. 223r-464v. Titilblað: “Islenszk Fornkvæði af det Kgl. nord. oldskriftselsk. Archiv. Bidrag indsendte 1847 - 1850 til det nordiske oldskriftselskab”.

Arch. A. Bl. 224r-228v. Frá Jóni Þórðarsyni skólapilti, Klausturhólum, Árnæssýslu, árið 1848. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 165, ÍF VI, bls. xxix og VII, bls. xxvi.

1. Bl. 224r-225v. “A¹”. “Systrakvæði”, 27 er. Upphaf: “Þorkell átti sér dætur tvær. / leikaradýr í skógi”. Prentað í ÍFkv. I, bls. 116-119 og ÍF VI, bls. 80-85. Fyrsta erindi auk þess prentað í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 165 og Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 23.

2. Bl. 226r-227v. “A²”. “Stjúpmóðurkvæði”, 15 er. Upphaf: “Stjúpmóðir gekk til brunna, / um sumar lánga tíð”. Prentað í ÍF VI, bls. 85-87 (sjá ennfr. bls. xxix) og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 165. Sjá einnig ÍFkv. II, bls. 55-59.

3. Bl. 228r. “A³”. “Loki”. Upphaf: “Loki sest á stokka / Kembir sína lokka”. Prentað í ÍGSP IV, bls. 231.

Arch. B. Bl. 229r-236v. Frá Gísla Konráðssyni á Húsabökkum í Skagafirði, 1848. “Gömul kvæði”. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 166 og ÍF VI, bls. xv-xvi, xix-xx og xxix.

1. Bl. 229r -231r. “Ólafs kvæði”, 22 er. Upphaf: “Ólafur reid með björgum fram / villir hann stillir hann”. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 166, ÍFkv. I, bls. 4 og 7-11 og ÍF VI, bls. 18-23.

2. Bl. 231r-232r. “Stjúpmóður kvæði”, 14 er. Upphaf: “Stjúpa rádtu Drauminn minn / um Sumarlánga tíð”. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 166, ÍFkv. II, bls. 55-59 og ÍF VI, bls. 23-26.

3. Bl. 232r-233v. “Gunnfríðar kvæði”, 24 er. “eptir einni kierlingu á nýrædis aldri Gudnýu dóttur Sigurðar bónda frá Daufá”. Upphaf: “Prestsdóttir í Ódinsey / hún er sig svo rík”. Fyrsta erindi prentað í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 166. Sjá einnig ÍF VI, bls. 26-30.

4. Bl. 233v-234v. “Þrá eða Mársljóð”, 6 er. Eftir sögn Guðnýjar Sigurðardóttur frá Daufá. Upphaf: “Ópt sit ek ein undir eyki / eins föll ok nárinn bleíki”. Fyrsta erindi prentað í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 166.

5. Bl. 234v-236r. “Tabl kvæði”, 22 er. Eftir sögn Guðnýjar Sigurðardóttur frá Daufá. Upphaf: “Jungfrúin situr í hægu lopti / um Sumarid”. Fyrsta erindi prentað í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 166. Sjá einnig ÍF VI, bls. 30-34.

6. Bl. 236v. “Brot úr kvæði”, 3 er. Upphaf: “Ása gekk um stræti, med (kurt og pí:) / heyrði hún fögur læti, vid Salofi”. Sjá ÍFkv. II, bls. 230-234 og ÍF VI, bls. 63-64.

Arch. C. Bl. 237r-244v. Frá sr. Brynjólfi Árnasyni í Langholti, Skaftafellssýslu, árið 1848. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 162-163 og 170 og ÍF VI, bls. xxix-xxx.

1. Bl. 237r-237v. “Enska vísan”, 15 er. Upphaf: “Enska vísan hún er svo laung, / hún er tekin af organs saung”. Fyrsta erindi prentað í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 162.

2. Bl. 237v-238r. “Herramadurinn og Doctorin”, 7 er. Upphaf: “Hér skal heldur en þeya, / hefia stirdan ód”. Fyrsta erindi prentað í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 163.

3. Bl. 238r-238v. “Öfugmæli”, 15 er. Upphaf: “Sjed hefi eg köttin sýngia á bók, / selin spinna hör á rokk”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 310 og Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 163.

4. Bl. 239r-239v. “Kongurinn og Dóttir hans”, 26 er. Upphaf: “Kóngurinn spurdi dóttur klár, / þegar á úngum aldri”. Prentað í ÍFkv. I, bls. 355-358, ÍF VI, bls. 88-92 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 163.

5. Bl. 240r. “Gríluqvæði”, 15 er. Upphaf: “Eg þekki Grílu, / eg hefi hana sjed”. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 170.

6. Bl. 240v. “Vísu um Grílu”. Upphaf: “Gríla reid í gardshorn, / hafði hala 15”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 146.

7. Bl. 240v. “2”. Upphaf: “Gríla kallar á börnin sín, / þegar hún fer ad síóða”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 144 og 145.

8. Bl. 240v-241r. “Leppalúða kvæði”, 20 er. Upphaf: “Hér kemur hann Leppalúði / lángur og stór”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 151 og Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 170.

9. Bl. 241r-242r. “Þórnaldar þula”. Upphaf: “Hlýdi fólk fræði mínu, / það var í firra hann fadir minn bió”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 178 og Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 170.

10. Bl. 242r-242v. “Hrafn og Tóa”, 15 er. Upphaf: “Margt hafa dírir meistarar fordum, / skrifad og framsett til skemtunar mönnum”. Sjá Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 170.

11. Bl. 243r. “Grílu Börnin”. Upphaf: “Gríla kallar á börnin sín / þegar hún fer ad síóða”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 144 og 145.

12. Bl. 243r. “Hrafnar samtal”. Upphaf: “Hrafnarnir fundust vid Al-

mannagja, / hvað er í frettum sagði hinn (einn) þá?”. Prentað í ÍGSPV IV, bls. 249.

13. Bl. 243r-243v. Gátur. Upphöf: a) “Eirn madur reisti á sólardegi, um reitheliu rinda”. b) “2^{ur}”: “Sá eg á mínum vegi sið voru promparalegir”. c) “3”: “Eirn er hríngur stunda stór”. d) “4”: “Hver er sá fagri runni með 12 blómstrum”.

14. Bl. 244r. “Registur yfir Rímur sem eg hér sed hefi og ei eru ad minni vitund prentadar”. Fernar rímur og tvær sögur: a) “Rímur af Reinald og Rósu”, með upphafi: “Svo er mér Edda ordin leid. / hiá öðrum fræðum kátum”. b) “Ríma af Jamnesi Karlssyni”. c) “Prasa Ríma”. d) “Rímur af Eiríki Vídförla”, með upphafi: “Mörgum þykir merkilegt, / mannvits gæddum lýdi”. e) “Sögur”. Hér eru nefndar sögurnar “af Partalopa” og “Sögubáttur af Sigurdi gángandi Bárðarsyni”.

Arch. D. Bl. 245r-251v. Frá sr. Benedikt Þórarinssyni á Ási í Fellum, Norður-Múlasýslu, árið 1850. Sjá ÍF VI, bls. xxx-xxxii, Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 20-21 og Ant. Tidsskr. 1846-1848, bls. 162.

I. “D¹”. Bl. 245r-245v. “Fornkvæði”. Registur yfir kvæði í D² með upphöfum. “Kvæði þessi eru flest numin eptir Mad^{me} Björgu sál. Pétursdóttur konu Prófasts sál: S^{ra} Arna Þorsteinssonar á Kyrkjubæ, hún var fróð kona, minnug og óskreytin”.

II. “D²”. Bl. 246r-249v. “Fornkvæði”.

1. Bl. 246r-246v. “1”, 6 er. Upphaf: “Frísir kalla, kalla Frísir. / Berið til skipanna Dana mær”. Prentað í ÍGSPV III, bls. 142-143, ÍF VIII, bls. 64-66 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 20-21.

2. Bl. 246v-247r. “2^{ad} Kvæði”, 20 er. Upphaf: “Herra Björn og Ingigérður / hjöluðu þau sér gaman”. Prentað í ÍFkv. II, bls. 124-127, ÍF VI, bls. 92-95 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21.

3. Bl. 247r-247v. “3^{ja} Kvæði”, 12 er. Upphaf: “Það var eina jólanótt, / að haninn tók að gala”. Prentað í ÍF VI, bls. 95-97 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21. Sjá einnig ÍGSPV IV, bls. 362.

4. Bl. 247v-248r. “4^{ða} Kvæði”, 9 er. Upphaf: “Girðir vaknar vesæll og aumur / - auðían valdían -“. Prentað í ÍGSPV IV, bls. 373-374, ÍF VI, bls. 97-99 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21.

5. Bl. 248r. “5^{ta} Kvæði”, 9 er. Upphaf: “Ása gékk um stræti / - far vel fley -“. Prentað í ÍF VI, bls. 99-100 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21. Sjá einnig ÍFkv. II, bls. 230-234.

6. Bl. 248v. “6^{ta} Kvæði”, 11 er. Upphaf: “Einum unni ég manningum / - á meðan það var -”. Prentað í ÍFkv. II, bls. 94-95, ÍF VI, bls. 100-101 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21.

7. Bl. 248v-249r. “7^{da} Kvæði”, 12 er. Upphaf: “Stjúpmóðir ráðdu drauma mín / - um sumar lánga tíð -”. Prentað í ÍF VI, bls. 102-104 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21. Sjá einnig ÍFkv. II, bls. 55-59.

8. Bl. 249r-249v. “8^{da} Kvæði”, 18 er. Upphaf: “Olafur reið með björgum fram / - villir hann stillir hann -”. Prentað í ÍF VI, bls. 104-106 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 21. Sjá einnig ÍFkv. I, bls. 4 og 7-11.

III. “D³”. Bl. 250r-251v.

1. Bl. 250r. “Barna Þula”. Upphaf: “Stígum við stórum, / stundum til grunda”. Prentað í ÍGSVÞ IV, bls. 205 og AG, bls. 224.

2. Bl. 250r. Upphaf: “Sat eg undir fiskahlaða föður míns, / átti ég að gjæta”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 181.

3. Bl. 250r. Upphaf: “Kona mín í kofanum / vísaði mér til stofunnar”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 220.

4. Bl. 250v. Upphaf: “Heyrði eg í hamar inn / hátt var látið”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 196, ÍF VIII, bls. 137 og KD II, bls. 30, þar sem hluti er prentaður.

5. Bl. 250v. Upphaf: “Táta, Táta, teldu dætur þínar, / hægt er að telja:”. Sjá ÍGSVÞ IV, bls. 218, þar sem stór hluti er prentaður.

6. Bl. 251r. “Vikivaka- eður Dansþula á undan dansi”, 8 er. Upphaf: “Hér fer hind af heiði, / hugsar eptir veiði”. Prentað í KD II, bls. 301-302. Sjá einnig ÍGSVÞ III, bls. 107.

Arch. E. Bl. 252r-261v. Frá sr. Daníel Halldórssyni í Glæsibæ, árið 1849. Sjá Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 17 og 23, ÍF V, bls. xxxiii-xxxviii og ÍF VI, bls. xxxii-xxxiii.

I. “E¹”. Bl. 252r-253v. “Bóthildur”, 28 er. Upphaf: “Bóthildur unga dansaði / með riddurum”. Prentað í ÍFkv. II, bls. 30-33, ÍF VI, bls. 107-111 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 17.

II. “E²”. Bl. 254r-261v.

II.a Bl. 254r-256r. “Frásögur í ljóðum”.

1. Bl. 254r. “1”, 12 er. Upphaf: “Kóngur [á] sér dóttir í borg / á mína trú”. Prentað í ÍFkv. I, bls. 320-322, ÍF VI, bls. 111-112 og fyrsta erindi auk þess í Ant. Tidsskr. 1849-1851, bls. 23.

